



Lagskipt berg í Terra Sabaea

ESP_030184_1585



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Terra Sabaea er fornt hálandissvæði norður af Hellas árekstrardældinni. Á þessari litmynd (þar sem litirnir hafa verið yktir) sjást mislit berglög. Svo litrík lög eru dæmigerð fyrir hinn forna Mars þegar vatn lék miklu veigameira hlutvek í að ummynda steindir og fleiri jarðfræðileg ferli voru mjög virk (árekstrar, eldvirkni, vatn, tektóník). Hryggirnir eða ljósu eða dökku línurnar sem liggja í gegnum lögin eru misgengi, staðir þar sem skorpan hefur brotnað og færst til. Jarðfræðingur gæti varið mörgum árum í að kortleggja jarðfræði þessa svæðis.